

10. fundur velferðarráðs
haldinn Aðalstræti 75, neðri hæð, miðvikudaginn 10. ágúst 2016 og hófst
hann kl. 16:30.

Fundinn sátu:

Heba Harðardóttir (HH) aðalmaður, Nanna Lilja Sveinbjörnsdóttir (NLS) aðalmaður, Elísabet Kjartansdóttir (EK) aðalmaður, Berglind Eir Egilsdóttir aðalmaður, Kristín Brynja Gunnarsdóttir (KBG) aðalmaður, Elsa Reimarsdóttir félagsmálastjóri og Arnheiður Jónsdóttir (AJ) embættismaður.

Fundargerð ritaði: Arnheiður Jónsdóttir, Félagsmálaufulltrúi

Dagskrá:

Fært í trúnaðarbók

1. 1608009 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Umsókn um fjárhagsaðstoð fært í trúnaðarbók.

2. 1608008 - Umsókn um ferðaþjónustu fatlaðra

Velferðarráð hefur fjallað um umsókn (SG) um ferðaþjónustu skv. ákvæðum laga um málefni fatlaðs fólks. Í umsókninni felst að skipulagður verði akstur svo umsækjandi geti sótt félagsstarf o.fl.

Eins og rakið er í gögnum málsins, m.a. bréfi til innanríkisráðuneytisins, liggur fyrir ríkur vilji af hálfu lögheimilissveitarfélags (Vesturbyggðar) til þess að skipuleggja akstursþjónustu fyrir notendur í félagsstarfi eldri borgara í Eyrarseli á Patreksfirði. Umsækjandi, líkt og aðrir aldraðir notendur félagsstarfsins, munu hafa fengið bréf þar sem fram kemur að akstur til og frá félagsstarfinu hefjist næsta haust. Með því verður hægt að veita umsækjanda akstursþjónustu til og frá Eyrarseli strax í september.

Velferðarráð telur að þessi akstur, sem og önnur öldrunarþjónusta sem umsækjanda ætti að standa til boða af hálfu Heilbrigðisstofnunarinnar Patreksfirði, falli undir 4. mgr. 2. gr. reglna Vesturbyggðar um ferðaþjónustu fatlaðra. Ráðið hefur metið þessa þjónustubætti og telur að sveitarfélagini sé ekki skylt að verða við umsókn umsækjanda með því að skipuleggja frekari akstursþjónustu en að framan greinir. Umsókninni er því hafnað en vakin er athygli á að þeirri ákvörðun má vísa til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 11. gr. reglna Vesturbyggðar.

Fært í trúnaðarbók

3. 1608010 - Barnaverndarmál

Fært í trúnaðarbók.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.18:07 .

Héðinsfjörður.

Anilidur Jónsdóttir

Danna L Sveinbjörnsdóttir.

Elinor Þórssdóttir

Elisabet Kjartansdóttir

Kristín Brynja Gunnarsdóttir.